

Samgöngur, fjarskipti og fjármál sveitarfélaga

Ályktun Haustþings
Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Akranesi

29. október 2025



Vegamál

- **Haustþing SSV fagnar viðbrögðum ríkisstjórnar Íslands við alvarlegu ástandi vega á landsbyggðinni á liðnu vori. Vonbrigði voru þó með hlut Vesturlands í heildarfjárhæð sem kom í kjölfarið. Haustþingið vekur hins vegar athygli á að enn er langt í land með að viðhald vega sé ásættanlegt og leggur ríka áherslu á aukið fjármagn til viðhalds vega og aukna þjónustu á vegum á Vesturlandi.**
- **Haustþing SSV lýsir yfir áhuga á því að gerður verði samgöngusáttmáli við SSV á grunni Samgönguáætlunar Vesturlands og skorar á innviðaráðherra og Alþingi að vinna með markvissum hætti að því að gera sáttmála við alla landshluta. Samgöngusáttmáli felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun varðandi samgöngumál fyrir Vesturland. Markmiðið er að auka öryggi og bæta samgöngur fyrir alla ferðamata. Haustþing SSV telur mjög mikilvægt að umhverfis- og samgöngunefnd ljúki vinnu við samgönguáætlun sem fyrst.**
- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að rétta hlut Vesturlands og jafna stöðu landshlutanna við úthlutun fjármagns til vegamála í úthlutun fjármagns í næstu samgönguáætlun.**

Lengd vegakerfisins á Íslandi var um 12.900 km árið 2020 og þar af um 1.845 km á Vesturlandi, sem er því um 14% alls vegakerfis landsins í lengdarmetrum talið.

Í tillögu að nýrri samgönguáætlun fyrir árin 2024-2028 voru áætlaðar fjárveitingar sem nema 44,4 milljörðum til uppbyggingar og viðhalds stofnvega og einstaka tengivega á landsbyggðunum, þ.e. utan höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness.

Af þessum 44,4 milljörðum er reiknað með að 700 milljónir séu settar í framkvæmdir á Vesturlandi, sem eru aðeins 1,6% af áætlaðri fjárveitingu til stofnvega á árunum 2024-2028.

Undanfarin 11 ár voru fjárveitingar til vegaframkvæmda við stofnvegi á Vesturlandi aðeins 4,2 milljarðar, sem er að meðaltali um 382 milljónir á ári. Þessar fjárveitingar dugðu engan vegin til brýnustu uppbyggingar vegakerfisins í landshlutanum á þessu tímabili.

Ástandi vega á Vesturlandi hefur því hrakað mjög mikið undanfarin ár, á sama tíma og umferð um landshlutann hefur aukist mjög mikið. Umferð ferðafólks eykst stöðugt í takt við aukin fjölda gesta sem kemur til landsins og fiskflutningar hafa aukist mikið, bæði með sjávarfang og fisk úr sjóeldi sem keyrt er um Vesturland.

Vegakerfið á Vesturlandi er því víða orðið svo lélegt að það er beinlínis hættulegt og annarsstaðar er það til mikils ama og óþæginda bæði fyrir íbúa og þá sem eiga leið um og nota vegakerfið.

Mikil þörf er því á að auka fjárveitingar til vegamála á Vesturlandi, hvort sem er til viðhalds, endurbóta, uppbyggingar almennrar þjónustu að vetri, eða til að efla öryggi vegakerfisins á Vesturlandi.

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að veita fjármagni til að halda áfram og ljúka framkvæmdum við Skógarstrandarveg.**

Snæfellsnesvegur númer 54 um Skógarströnd er stofnvegur og því hluti af grunnneti vegakerfisins skv. samgönguáætlun. Þetta er eini stofnvegurinn á Vesturlandi og líka lengsti stofnvegur á láglendi á Íslandi sem er án bundins slitlags. Vegurinn ætti því að vera í forgangi við ráðstöfun fjármuna í samgönguáætlun. Skógarstrandarvegur, með þverun Álfafjarðar, er forsenda fyrir auknu samstarfi sveitarfélaga við Breiðafjörð og góðri tengingu Snæfellsness, Dala, Vestfjarða og Norðurlands.

Vinna er hafin við uppbyggingu Skógarstrandarvegur og hafa framkvæmdir gengið vel. Mikið fagnaðarefni er að nú hafa tvær nýjar tvíbreiðar brýr verið teknar í notkun á veginum. Það er hins vegar algerlega óviðunandi að nú sé gert hlé á framkvæmdum og þær hefjist ekki að nýju fyrr en 2027. Haustþing SSV telur nauðsynlegt er að veitt sé fjármagni til Skógarstrandarvegur og framkvæmdum haldið áfram á árinu 2026.

Með bættum samgöngum skapast ýmis tækifæri varðandi samstarf Dalamanna og Snæfellinga, auk þess sem Dalabyggð getur notið góðs af þeim fjölda ferðamanna sem leggur leið sín um Snæfellsnes þegar skemmtileg hringleið opnast um Skógarströnd.

Haustþing SSV fangar því þegar ráðist er í stóra framkvæmd á Vesturlandi eins og Skógarstrandarvegur er, en leggur áherslu á að nauðsynlegt er að halda framkvæmdum áfram á næstu árum og veita auknu fjármagni til vegarins til að hægt sé að ljúka þessu verkefni.

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að veita fjármagni svo unnt verði að hefja bráðnauðsynlegar framkvæmdir við endurbætur og styrkingu á þjóðvegi 54 og aðra tengda vegi á Snæfellsnesi.**

Ástand þjóðvegur 54, frá Borgarnesi, um Mýrar og vestur eftir Snæfellsnesi, er mjög bágborið og beinlínis hættulegt víða. Sig og frostskemdir hafa gert veginn mjög ósléttan, vegkantar eru víða brotnir og djúp hjólför eru í veginum á löngum köflum. Vestan Vegamóta er vegurinn einnig allt of mjór fyrir þá umferð sem þar fer um daglega. Á kafla vestan þéttbýlis Grundarfjarðar eru vegkantar einnig lélegir og þarfnast styrkingar, og það sama á við um Stykkishólmsveg 58.

Á Snæfellsnesi búa um 4000 íbúar og þessir vegir eru tenging þeirra við þjóðveg 1, auk þess sem hann tengir saman byggðasvæði, er lífæð atvinnu- og öryggismála á Snæfellsnesi. Þarna er einnig daglegur akstur skóla- og leikskólabarna bæði innan og milli svæða. Þá má ætla að hátt í 40% þeirra ferðamanna sem koma til Íslands heimsæki Snæfellsnes, auk þess sem mikil aukning er í þungaflutningum um svæðið. Því er mikil og þung umferð um þessa vegi alla daga.

Í tillögu að samgönguáætlun er gert ráð fyrir að farið verði í endurbætur á Snæfellsnesvegi 54 á kaflanum frá Brúarhrauni að Dalsmynni, en ekki er gert ráð fyrir að fara í þær framkvæmdir fyrr en árið 2034. En vegakaflinn frá Vegamótum vestur að Fróðárheiði er ekki síður illa farinn, en er ekki kominn á dagskrá.

Endurbætur á þjóðvegi 54 er því mikið öryggismál fyrir alla vegfarendur, bæði fyrir íbúa, ferðamenn og vegna aukinna þungaflutninga vegna fiskflutninga. Haustþing SSV telur að endurbætur á þessum vegi þoli enga bið, og mjög nauðsynlegt sé að fara í þetta verkefni strax og það verði tekið inn í tillögu í næstu samgönguáætlun.

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að veita fjármagni svo unnt verði hefja bráðnauðsynlegar framkvæmdir og viðhald á Vestfjarðavegi 60 frá Erpsstöðum að Gilsfirði.**

Mjög brýnt er að fara í áframhaldandi viðhald á Vestfjarðavegi (60) í gegnum Dali. Kaflinn frá Erpstöðum er afar bágborinn, en umferð um veginn hefur aukist mjög í kjölfar uppbyggingu vegakerfisins á sunnanverðum Vestfjörðum sem og aukinna þungaflutninga. Einbreiðar brýr á Þjóðvegi 60, m.a. yfir Haukadalsá, ógna einnig umferðaröryggi og mikilvægt er að til þeirra sé horft í allri forgangsröðun í þá veru að útrýma einbreiðum brúm á vegakerfi landsins.

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að veita fjármagni svo unnt verði hefja að nýju framkvæmdir og ljúka uppbyggingu um Uxahryggjaveg.**

Um árábil hefur verið unnið að endurbótum og lagningu bundins slitlags á veginum um Uxahryggi sem tengir saman Vesturland og Suðurland. Enn er eftir að leggja slitlag á um 22 km kafla eftir í Lundaarreykjardal til að ljúka þessu verkefni. Samkvæmt tillögu að samgönguáætlun er búið að fresta þeirri framkvæmd til ársins 2034. Það er ekki boðlegt.

Vegurinn um Uxahryggi tengir saman Vesturland og Suðurland og skapar ýmis tækifæri til þess að auka samskipti og samstarf milli þessara landshluta. Auk þess sem hann skapar ótal tækifæri í ferðaþjónustu og aukna ferðamöguleika fyrir ferðafólk, sem styður við álagsdreifingu vegna ferðaþjónustu. Jafnframt myndi greiðfær Uxahryggjavegur léttu umferð af Þjóðvegi 1.

Haustþing SSV telur það ótækt að stöðva framkvæmdir við Uxahryggjaveg í tíu ár og fresta verklokum þar fram til ársins 2038. Því er lögð mikil áhersla á að framkvæmdir við Uxahryggjaveg hefjist að nýju og verði lokið á næstu fimm árum.

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að framkvæmdum á veginum um Laxárdalsheiði verði lokið sem fyrst.**

Afar brýnt er að vegurinn um Laxárdalsheiði verði endurskilgreindur og hann verði settur sem sérstök framkvæmd á samgönguáætlun þannig að hann fái sérstaka fjárveitingu og verði tekinn úr flokki tengivega. Mikilvægt er að ljúka lagningu bundins slitlags á veginn sem fyrst enda er þessi vegur mikilvæg tenging á milli Vesturlands og Vestfjarða annars vegar, og Norðurlands hins vegar. Lögð er áhersla á að allar brýr verði tvöfaldaðar á þessum vegi eða sett verði ræsi í stað brúa þar sem við á.

- **Haustþing SSV undirstrikar mikilvægi þess að vegurinn um Kaldadal verði byggður upp þannig að hann sé opinn umferð í fleiri mánuði á ári.**

Vegurinn um Kaldadal er einn af fjórum hálendisvegum á Íslandi sem er skilgreindur sem stofnvegur á hálendi. Umferð um veginn hefur aukist verulega á undanförunum árum og þá sérstaklega að norðanverðu eftir að fjöldi ferðamanna fóru að heimsækja ísgöngin sem gerð hafa verið í Langjökul.

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að veita auknu fjármagni til tengivega.**

Haustþing SSV telur brýnt að auknu fjármagni verði veitt til tengivega og farið verði í sérstakt átak í að leggja bundið slitlag á þessa vegi sem tengja saman dreifbýli og þéttbýli. Tengivegir skipta orðið sífellt meira máli fyrir íbúa í dreifbýli og ört vaxandi ferðaþjónustu.

Á Vesturlandi er um 70% tengivega án slitlags. Stærstur hluti þessara vega er á tveimur svæðum þ.e. í Borgarfirði og Döllum. Þar eru landstór sveitarfélög þar sem búið er að sameina fjölda sveitarfélaga, en fyrir 30 árum síðan voru 20 sveitarfélög á þessu svæði. Það er afar mikilvægt að þegar sveitarfélög sameinast að þau fái stuðning til þess að byggja upp heilstæð atvinnu- og þjónustusvæði. Góðar samgöngur eru lykilatriði svo hægt sé að byggja upp slík svæði, og því sérstaklega mikilvægt að huga að þessu þegar gera á átak í sameiningu sveitarfélaga.

Mikilvægt er að Vegagerðin forgangsraði framkvæmdum við tengivegi í samvinnu við SSV og m.t.t. umferðar, öryggis, grunnþjónustu og samfélagslegra þátta eins og t.d. skólaaksturs, atvinnusóknar o.fl. Tillaga að forgangsroðun sveitarfélaganna á Vesturlandi kemur fram í Samgönguáætlun Vesturlands.

Haustþing SSV leggur það einnig til að framlög til tengivega verði hækkuð um 2.000 m.kr. frá árinu 2025 og út tímabil aðgerðaráætlunar. Ef þessi tillaga yrði að veruleika væri raunhæft að tala um alvöru átak við lagningu bundins slitlags á tengivegi.

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að veita auknu fjármagni til reglulegs viðhalds vegakerfisins, og til að bæta þjónustu og öryggi á vegum á Vesturlandi.**

Haustþing SSV telur nauðsynlegt að auka fjárframlög til Vegagerðarinnar, ekki síst til almenns viðhalds og vetrarþjónustu.

Þó nýjar vegaframkvæmdir séu mjög mikilvægar, þá er líka mikilvægt að sinna reglulegu viðhaldi eldri vega þannig að sú fjárfesting skili arðsemi og haldi verðgildi sínu. Þetta er mikilvægt til að Vegagerðin geti þjónað hlutverki sínu og öryggi vegfarenda sé tryggt eins og kostur er.

Ljóst er að víða þarf að gera nauðsynlegar úrbætur á vegum á Vesturlandi þar sem ástand þeirra er slæmt og jafnvel hættulegt á köflum. Bæta þarf aðstæður á gatnamótum ýmissa tengivega og Vesturlandsvegar, einnig þarf að fjölga útskotum og áningarstöðum við fjölfarna vegi, bæta merkingar og upplýsingagjöf, og tryggja að góðar girðingar séu með vegum sem varna umferð búfjár um veginna.

Þá er mikilvægt að tryggja nægt fjármagn til vetrarþjónustu þannig að stuðla megi að öruggri umferð um allt land. Einnig er mjög mikilvægt að endurskoða og meta upp á nýtt þjónustupörf vegna vetrarþjónustu á mörgum vegum á Vesturlandi. Þar þarf að taka tillit til umferðaröryggis og breytinga á umferð, og skilgreina upp á nýtt hlutverk og þjónustupörf vega t.d. vegna skólaaksturs, aukningar á umferðar ferðamanna eða umferð vöruflutningabíla allt árið.

Þá er einnig mikilvægt að skilgreina varavegi og hjáleirir fyrir þjóðveg 1, ef hann lokast af óviðráðanlegum orsökum. Þar má nefna mögulegar varaleiðir eins og veginna um Kjósarskarð, Geldingadraga, Uxahryggi, Heydal og Laxárdalsheiði.

- **Haustþing SSV leggur mikla áherslu á að framkvæmdir við Sundabraut hefjist eigi síðar en árið 2026 og ljúki 2031.**

Mikil arðsemi er af lagningu Sundabrautar, sem felst í minni akstri, útblæstri og mengun og styttri ferðatíma vegna styttingu leiða til og frá höfuðborgarsvæðinu. Auk þess sem þessi samgöngubót eykur umferðar- og almannaoöryggi. Hefðbundin viðmið um að verkefni séu talin fýsileg er að innri vextir séu yfir 3,5%. Ábati væntanlegra notenda Sundabrautar eru vel yfir þessu viðmiði, hvort sem það eru akandi, hjólandi eða almenningssamgöngur er því verulegur.

Mikilvægt er að nýta heimild í lögum um að Sundabraut verði samvinnuverkefni, og hún verði byggð upp í samræmi við áætlanir og undirritaða yfirlýsingu ríkis og borgar þar sem kemur fram að stefnt sé að því að framkvæmdir við Sundabraut geti hafist eigi síðar en 2026 og að brautin verði tekin í notkun árið 2031.

Sundabraut er mjög mikilvæg fyrir Vesturland og aðra landshluta og er sennilega sú samgöngubót sem mest áhrif getur haft á byggðabróun á Vesturlandi.

Fyrir liggur matsskýrsla á umhverfisáhrifum af lagningu og byggingu Sundabrautar. Haustþing SSV fagnar því að hún sé komin fram, en skýrslan staðfestir jákvæð byggðaaáhrif á Vesturlandi. Kynning á henni stendur nú yfir. Haustþing SSV hvetur til að hagkvæmasti kostur verði valinn svo framkvæmdin geti hafist sem fyrst.

- **Haustþing SSV skorar á ráðamenn að standa vörð um að forgangsröðun framkvæmda Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins styðji við lagningu Sundabrautar.**

Mikilvægt er að forgangsröðun í uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu styðji við framgang á lagningu Sundabrautar, þar sem talið er að Sundabraut henti fyrir alla ferðamáta, eflí almenningssamgöngur og bæti samgöngur innan höfuðborgarsvæðis og til og frá borginni.

Ein forsendan fyrir því að hægt sé að leggja Sundabraut, er að gerð sé góð tenging af Sundabraut inn á gatnakerfi höfuðborgarinnar. Mikilvægt er að framkvæmdir við þær tengingar tefji ekki fyrir framgangi framkvæmda við Sundabraut. Fjármögnun og framkvæmd Sæbrautarstokks er því forgangsmál til að taka við umferð af Sundabraut. Það er afar brýnt að forgangsröðun framkvæmda samgöngusáttmáls styðji við lagningu Sundabrautar.

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að tryggja framgang á breikkun á Vesturlandsvegi um Kjalarnes.**

Haustþing SSV fagnar því að vinna við tvöföldun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi hefur gengið vel, þar sem sú vegaf framkvæmd nýtist Vestlendingum sem og öðrum landsmönnum. Hins vegar lýsir þingið yfir vonbrigðum með að áframhaldandi framkvæmdir og seinni hluti breikkunar vegarins á Kjalarnesi hafi dregist og verið frestað.

Haustþingið krefst þess að ekki verði frekari seinkun á verklokum við breikkun Vesturlandsvegar um Kjalarnes og aldrei megi vera spurning um hvort framkvæmdin verði á fyrsta ári nýrrar samgönguáætlunar – enda hafi framkvæmdin áður verið ákveðin en fjármagn til framkvæmdarinnar verið flutt í önnur verkefni, að ætla má.

- **Haustþing SSV skorar á Vegagerðina að leggja fram sem fyrst tillögur að legu nýrra Hvalfjarðarganga og áætlun um undirbúning verkefnisins.**

Samhliða öðrum framkvæmdum við Vesturlandsveg er ljóst að huga þarf að tvöföldun Hvalfjarðarganga á næstu árum, þegar hámarki umferðar um göngin skv. reglugerð verður náð. Ríkissjóður þarf að hafa frumkvæði að nauðsynlegum undirbúningi og framkvæmd verkefnisins. Brýnt er að Vegagerðin leggi fram sem fyrst tillögur sínar að legu nýrra ganga og áætlun um undirbúning verkefnisins, þar sem staðsetning nýrra ganga er forsenda fyrir vinnu við undirbúningsvinnu og veghönnun á tvöföldun á veginum frá Hvalfjarðargöngum í Borgarnes.

Haustþing SSV hvetur til að metið verði hvort gerð nýrra Hvalfjarðarganga ætti með beinum hætti að tengjast framkvæmd Sundabrautar.

- **Haustþing SSV skorar á Vegagerðina að ljúka veghönnun og allri undirbúningsvinnu við tvöföldun vegar frá Hvalfjarðargöngum í Borgarnes.**

Í fyrri samgönguáætlun ríkisins var gert ráð fyrir að framkvæmdir við tvöföldun Vesturlandsvegar frá Hvalfjarðargöngum í Borgarnes myndu hefjast árið 2025, en því hefur nú verið frestað til 2029. Þörfin fyrir tvöföldun vegarins er orðin mjög brýn þar sem umferð um veginn er alltaf að þyngjast og því miður hafa orðið mjög alvarleg slys á þessum vegakafla að undanförunu. Nauðsynlegt er að tímasetningar vegna undirbúnings og framkvæmda standist.

- **Haustþing SSV vekur athygli á að ný og breytt gjaldtaka af samgöngum verði ekki til að raska samkeppnisstöðu landbyggðar.**

Í samráðsgátt stjórnvalda er til umsagnar frumvarp um verulegar breytingar á skattlagningu umferðar. Við yfirferð á frumvarpinu má ætla að um verulega kostnaðarhækkun verði að ræða fyrir almenning og fyrirtæki sem skekkir mjög samkeppnisstöðu vegna búsetu á landsbyggðinni.

Haustþing SSV er hlynnt veggjöldum til fjárfestinga í vegakerfinu en að gætt verði jafnræðis á milli landshluta. Þingið sér fyrir sér að þannig megi hraða mikilvægum samgöngubótum sem án efa muni færa þjóðarþínu mikinn ávinning.

Jarðgöng

- **Haustþing SSV skorar á Vegagerðina að ljúka vinnu við mótun ferla fyrir sérstakar ráðstafanir vegna brunavarna í jarðgöngum, bæði varðandi búnað og bíla.**

Á vegakerfi Íslands eru nú 12 jarðgöng, alls 64 km að lengd með 25 gangnamunnum. Slökkvilið sem bregðast við útkalli vegna bruna í jarðgöngum eru 10 talsins, en í 5 af 12 jarðgöngum eru tvö slökkvilið um ein göng, með aðkomu sitt hvoru megin. Umferðarþungi hefur aukist gífurlega um jarðgöng undanfarin ár og þannig hafa kröfur til viðbragðs aukist í takt við það.

Tveir atburðir, annarsvegar í Hvalfjarðargöngum, árið 2023, þar sem eldur kom upp í fólksbíl og hins vegar við Vestfjarðargöng, árið 2024, þar sem kviknaði í hópferðarbifreið, hafa vakið athygli á því hversu brýnt er að bregðast við eldsvoða og stunda björgun í jarðgöngum.

Almenningssamgöngur

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra, Alþingi og Vegagerðina að skapa umgjörð og rekstrargrundvöll svo almenningssamgöngur henti þörfum Vestlendinga.**

Almenningssamgöngur eru mikilvægt umhverfis- og loftlagsmál, auk þess að vera mikið hagsmunamál fyrir íbúa, sérstaklega námsmenn, launafólk og þá sem kjósa bíllausan lífsstíl. Því er mjög mikilvægt að öll sem það kjósa geti nýtt sér almenningssamgöngur til daglegra nota.

Haustþing SSV leggur áherslu á að almenningssamgöngur geti komið í stað einkabílsins m.t.t. verðs, þæginda og ferðatíðni. Á það hefur skort í núverandi fyrirkomulagi, þar sem gjaldskrárhækkanir og niðurskurður á þjónustu hefur verið viðvarandi þróun undanfarin ár.

Almenningssamgöngur með „landsbyggðarstrætó“ eru mjög mikilvægar fyrir Vesturland. Brýnt er að núverandi leiðakerfi verði styrkt enn frekar á næstu árum og mikilvægt að Vegagerðin eigi gott samstarf við landshlutasamtökin um skipulag leiðakerfis og gerð sumar- og vetraráætla.

Haustþing SSV beinir því til stjórnenda Vegagerðarinnar að unnið verði að lausn til að tryggja að ferðir milli höfuðborgarsvæðisins og nærsveitarfélaga mæti þörfum notenda og að þessi samgöngumáti verði á sanngjörnu verði.

- **Haustþing SSV leggur áherslu á þörf fyrir smíði nýrrar ferju til að sigla um Breiðafjörð.**

Breiðafjarðarferjan Baldur gegnir lykilhlutverki í samgöngum um og við Breiðafjörðinn. Ljóst er að framtíð ferjusiglinga er mikilvæg fyrir íbúa og atvinnulíf á svæðinu og felur í sér eina helstu tengingu milli Vestfjarða og Vesturlands.

Haustþing SSV fagnar því að komin sé ferja í eigu ríkisins sem sinnir siglingum um Breiðafjörð sem uppfyllir betur kröfur um öryggi og þjónustu, en telur brýnt að þegar verði hafin vinna við varanlega lausn með smíði nýrrar ferju. Haustþing SSV leggur því áherslu á að ákvörðun verði tekin um smíði á nýrri Breiðafjarðarferju, sem hönnuð verði með tilliti til orkuskipta framtíðarinnar og geti jafnframt nýst sem varaskip fyrir Herjólf, og að áætlun um smíði nýrrar ferju verði tryggð í samgönguáætlun og að fjármögnun hennar endurspeglar í fjármálaáætlun um opinber fjármál.

Haustþing SSV telur jafnframt mikilvægt að ríkið fjárfesti í viðeigandi þjónustuaðstöðu í tengslum við starfsemi ferjunnar, þar sem slík aðstaða er forsenda samfelli í þjónustu og ætti að fylgja útboðum ríkisins hverju sinni.

- **Haustþing SSV skorar á ráðherra og Alþingi að veita fjármagn til reksturs farþegaferju milli Akraness og Reykjavíkur og gefa verkefninu meira svigrúm til undirbúnings og reynslu.**

Farþegaferja var í rekstri á milli Akraness og Reykjavíkur sumarið 2017 og að margra mati góð viðbót fyrir þá Skagamenn sem stunda vinnu í miðbæ Reykjavíkur og ferðamenn sem vildu fara þarna á milli, einkum m.t.t. þess álags sem orðið er á Vesturlandsvegi og stöðugt takmarkaðra aðgengis bíla að miðbæ Reykjavíkur.

Hafnamál

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að tryggja fjármagn til þeirra verkefna í hafnamálum sem voru í tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2028 á Vesturlandi.**

Í Samgönguáætlun Vesturlands, sem unnin var af sveitarfélögunum á Vesturlandi árið 2021, eru tiltekin þau hafnarverkefni sem óskir eru um að farið verði í á næstu árum eða haldið áfram með á Vesturlandi. Þar eru m.a. verkefni í höfnum Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar og í Stykkishólmi. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við landfyllingu og breikkun aðalhafnargarðs á Akranesi og nauðsynlegt er að samgönguyfirvöld komi að því verkefni til þess að efla aftur stöðu fiskvinnslu og útgerðar frá Akranesi. Skarðsstöð í Dalabyggð gegnir hlutverki fyrir smábáta og nauðsynlegt er að endurbæta aðstöðu þar.

Haustþing SSV lýsir ánægju með að töluverður hluti forgangsverkefna í Samgönguáætlun Vesturlands varðandi framkvæmdir við hafnir á Snæfellsnesi var fyrirhuguð í aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028. En leggur jafnframt áherslu á að framkvæmdum við hafskipabryggju í Stykkishólmi verði ekki seinkað frá núgildandi samgönguáætlun, nema samkomulag náist við sveitarfélagið um aðrar ráðstafanir við uppbyggingu hafnarmannvirkja.

- **Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að tryggja fjármagn til verkefna sem snúa að sjóvörnum og vörnum gegn landrofi.**

Þörf er á mun markvissari aðgerðum og auknu fjármagni til að verja land og byggð fyrir ágangi sjávar. Tímasett aðgerðaráætlun sem byggir á forgangsröðun um sjóvarnir, til að vernda byggð og varnir gegn landrofi, er mikilvægurgrunnur að markvissum aðgerðum. Ágangur á þegar byggð svæði og á land er vaxandi vandamál sem verður að bregðast við. Landrof og landeyðing er stöðugt ágengara og vill Haustþing SSV leggja til að endurskoðuð verði fjármögnun og aðgerðir vegna sjóvarna.

Það má færa rök fyrir því að sjóvarnaáætlun eigi ekki samleið með vegum, höfnum og flugvöllum í samgönguáætlun enda eru sjóvarnir ekki beint tengdar samgöngum með sama hætti og að varnir gegn sjávarflóðum séu að mörgu leyti sambærilegar við varnir gegn ofanflóðum, enda hvort tveggja náttúruvá. Að þessu sögðu má færa rök fyrir því að fjármögnun varna gegn sjávarflóðum ætti að vera með svipuðum hætti og varnir gegn ofanflóðum og lúta svipuðum lögmaðum.

Það er einfaldlega staðreynd að samfara áhrifum af loftslagsbreytingum verður aukin hætta á sjávarflóðum til framtíðar. Vesturland hefur langa strandlínu sem þarf að verja fyrir vaxandi ágangi sjávar vegna hækkandi sjávarstöðu og tíðari stórvíðra.

Haustþing SSV leggur áherslu á að haldið verði áfram að leita úrlausna og stuðningur verði aukinn við verkefni á sviði sjóvarna á Vesturlandi.

Flugvellir

- **Haustþing SSV hvetur til að skoðaðir verði allir kostir varðandi alþjóðaflugvöll á Vesturlandi.**

Jarðhræringarnar á Suðurnesjum ýta undir að margt sé hugsað upp á nýtt, eitt af því er staðsetning nýs alþjóðaflugvallar. Nokkrar staðsetningar hafa verið í umræðunni undanfarin ár og hafa þar meðal annars verið nefndir staðir á Vesturlandi.

Mikilvægt er að allir mögulegir kostir varðandi staðsetningu alþjóðaflugvallar á Vesturlandi verði kannaðir til hlítar, þar sem nálægðin við höfuðborgarsvæðið skiptir miklu máli í þessu staðarvali. Einnig má líta til þess

að það væri mikil hagræðing í þungaflutningum ef staðsetning fraktflugs t.d. fyrir fiskútflutning frá Vesturlandi og Vestfjörðum þyrfti ekki að fara í gegn um höfuðborgarsvæðið.

- **Haustþing SSV leggur þunga áherslu á að viðhald og endurbætur á landingarstöðum á Vesturlandi verði tryggt.**

Mikilvægt er að gert verði ráð fyrir viðhaldi á landingarstöðum á Vesturlandi. Endurbæta verður slitlag á Stóra-Kroppi. Mikilvægt er að landingarstaðurinn á Rífi verði endurbættur þannig að hann geti gegnt hlutverki sínu í neyðartilfellum. Lögð er rík áhersla á að þýlum verði áfram tryggt eldsneyti á flugvöllum á Rífi, enda gegnir flugvöllurinn mikilvægu öryggishlutverki í því efni. Haustþing SSV bendir á að nýta mætti flugvelli á Vesturlandi meira til kennslu og æfingaflugs.

Fjarskiptamál

- **Haustþing SSV fagnar því að margt hefur áunnist á undanförunum árum við uppbyggingu á fastnetinu sem ber að pakka og bendir flest til þess að ljósleiðari verði kominn í alla þéttbýlisstaði á Vesturlandi árið 2026.**

Háhraða nettengingar eru hluti af grunngerð samfélagsins og einn mikilvægasti hlekkurinn í samskiptum og viðskiptaháttum nútímans, sem eru ein af meginforsendum ákvörðunar fólks um búsetu og úrslitaatriði um þróun byggðar og atvinnuuppbyggingar. Því er afar ánægjulegt að þróun varðandi þessi verkefni er mjög jákvæð á Vesturlandi.

Haustþing SSV telur brýnt að tryggja fjarskiptaöryggi í tengslum við þær jarðhræringar sem eiga sér í Ljósufjallakerfinu. Fjarskiptaöryggi á svæði nærri miðju skjálftavirkni er víða lítið sem ekkert þrátt fyrir mikla umferð, búsetu og frístundabygðir.

- **Haustþing SSV leggur áherslu á að ráðin verði bót á gloppum í dreifikerfi farsíma og almannautvarps.**

Haustþing SSV lýsir yfir ánægju sinni með áform stjórnvalda sem koma fram Fjármálaáætlun 2024-2028, þar sem sett eru fram markmið um að fjöldi kílómetra á stofnvegum þar sem ekki næst áreiðanlegt talsamband og að lágmarki 10 Mb farnetssamband óháð markaðsaðila, eiga að vera komin niður í 0 árið 2028. Hins vegar eru engar kröfur gerðar á öruggt samband á mikilvægum og fjölförnum tengivegum eins og Laxárdalsheiði og Heydal sem jafnframt eru mikilvægar varaleiðir þegar Holtavörðuheði lokast. Þá er samband víða ekkert eða gloppótt á vinsælum útivistarsvæðum.

Af öryggisástæðum, vill Haustþing SSV leggja áherslu á að nauðsynlegt sé að ráðin verði bót á lélegu farsímasambandi og dreifikerfi almannautvarps á öllum stöðum og svæðum á Vesturlandi þar sem sambandið er gloppótt.

- **Haustþing SSV skorar á viðkomandi ráðuneyti og fjarskiptafyrirtækin öll að nýtt dreifikerfi farsíma dekki a.m.k. það land- og hafsvæði sem hið fyrra gerði.**

- **Haustþing SSV telur að skoða eigi kosti þess að koma á tengingu Vesturlands við háhraðafjarskiptastreng við útlönd.**

Vesturland er ákjósanlegur staður fyrir tengingu á háhraðafjarskiptastreng við útlönd enda utan skilgreindra hamfarasvæða. Í því felast miklir möguleikar í uppbyggingu gagnavera og gagnavinnslu þar.

Haustþing SSV leggur til að skoðaður verði af alvöru sá kostur að landtökustaður næsta fjarskiptasæstrengs milli Íslands og annarra landa verði á Vesturlandi.

Fjármál sveitarfélaga og samskipti við ríkið

- **Haustþing SSV gerir þá kröfu að ráðuneyti og Alþingi geri það að forgangsverkefni að fækka „gráum svæðum“ í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á að við endurskoðun sveitarstjórnarlaga verði lögfest að óheimilt verði að fela sveitarfélögum verkefni eða leggja á þau auknar skyldur nema þau hafi verið kostnaðarmetin og fjármögnun þeirra að fullu tryggð.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á að tekjustofnar sveitarfélaga verði breikkaðir og styrktir til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra.**
- **Haustþing SSV skorar á ríkið að útfæra, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, heimild til handa sveitarfélögum að leggja álag á fasteignaskatta íbúðarhúsnæðis, sem falla undir A-skatt, sé enginn skráður með lögheimili í húsnæðinu.**
- **Haustþing SSV leggur til að virðisaukaskattur verði afnuminn af allri starfsemi sveitarfélaga og þá sérstaklega af skilgreindum innviðaframkvæmdum þeirra.**
- **Haustþing SSV leggur til að sveitarfélög verði undanskilin fjármagnstekjuskatti.**
- **Haustþing SSV leggur áherslu á mikilvægi þess að sveitarfélög fái fjármuni í samræmi við útgjöld frá ríkinu, til að standa undir útgjöldum sveitarfélaga vegna lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk.**

Opinber þjónusta sem veitt er af sveitarfélögum og ríki hefur mikil áhrif á lífsgæði fólks, vöxt og viðgang samfélaga. Til að standa undir þeim verkefnum sem sveitarfélögum eru falin að lögum, þarf að tryggja þeim nauðsynlega tekjustofna sem þurfa að vera fjölbreyttir, stöðugir og gagnsæir. Á undanförunum árum hefur þeim tilvikum fjölgað þar sem ýmis verkefni og ábyrgð á þeim hafa verið færð til sveitarfélaganna án þess að

kostnaðarleg áhrif þeirra hafi að fullu verið metin og fullnægjandi fjármagn fylgt þeim. Þetta á t.d. við um þjónustu við fatlað fólk. Mikilvægt er að ríki komi til móts við sveitarfélögin, t.d. með niðurfellingu virðisaukaskatts af innviðaframkvæmdum sveitarfélaga. Slíkt hefði víðtæk jákvæð áhrif og gæfi sveitarfélögum tækifæri til fleiri innviðaverkefna og uppbyggingar fyrir íbúa landsins. Nauðsynlegt er að tryggja sveitarfélögum fjölbreyttari tekjustofna þannig að sveitarfélögin geti betur staðið undir þeirri mikilvægu nærþjónustu sem þau sinna, t.a.m. með hlutdeild í fjármagnstekjusköttum þannig að allir skattgreiðendur greiði sanngjarnan hlut skatta sinna til sveitarfélaga. Einnig er mikilvægt að sveitarfélög hafi víðtækari heimild til að auka álögur á þá sem eiga húsnæði innan byggðarlaga, dvelja þar og nýta þjónustu, en greiða ekki útsvar til viðkomandi sveitarfélags.

Stafrænar lausnir

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að setja aukið fjármagn og að forgangsraða fjármunum í stafrænar lausnir þannig að upplýsingatækni sé nýtt til að bæta þjónustu við íbúa í verkefnum sem nú flæða á milli ríkis og sveitarfélaga.**

Haustþing SSV telur að tækifæri séu fólgin í uppbyggingu snjall lausna hjá hinu opinbera og ávinningurinn sé betri þjónusta við íbúa og þjónustuþega og hagkvæmari rekstur sveitarfélaganna. Gríðarleg tækifæri eru fólgin í að bæta þjónustu með hjálp tækninnar. Þetta á við um opinbera þjónustu, svo sem við skráningu í tómstundir barna og unglinga, tungumálakennslu fólks af erlendum uppruna, fjarheilbrigðisþjónustu, umsóknarferli og eftirlit er varðar framkvæmdir og svo má lengi telja. Þá eru augljós gildi í bættu upplýsingaflæði með hjálp upplýsingatækninnar.